

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 15. mars. 2023, vegna auglýsingar á tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðanna nr. 6, 8 og 10 við Skarfagarða

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðanna nr. 6, 8 og 10 við Skarfagarða, birtist í Fréttablaðinu á morgunn 16. mars 2023. Tillagan er í kynningu frá 16. mars 2023 til og með 5. maí 2023. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð <https://2021.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/skarfagardar-6-8-og-10>

Skarfagarðar 6, 8 og 10

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 25. janúar 2023 og borgarráðs Reykjavíkur þann 2. febrúar 2023 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skarfabakka, Klettasvæðis vegna lóðanna nr. 6, 8 og 10 við Skarfagarða. Í breytingunni sem lögð er til felst sameining lóðanna, afmörkun lóðar breytist og stækkar til norðurs, bætt er við nýjum byggingarreit og núverandi byggingarreitur fellur niður. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, www.reykjavik.is, undir skipulag í kynningu. Einnig má nálgast tillöguna á tölvuskjá hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30 – 16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 frá 16. mars 2023 til og með 5. maí 2023. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 5. maí 2023. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

mkv.

Þuríður Guðmundsdóttir

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 +354 411 1111 / 411 1111

thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is



Virðing fyrir umhverfinu 
Fagmennska í hverju verki
Þjónusta við samfélagið 

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík
www.reykjavik.is